

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna - Hringtorg Akranesvegur.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar 31. maí 2026 veruleg breyting á deiliskipulagi Garðalundar og Lækjarbotna vegna hringtorgs við Akranesveg.

Breytingin felur í sér stækkun skipulagssvæðis, aðlögun á göngustíg skv. uppdrætti og gerð hringtorgs við gatnamót Akranesvegar, Akrafjallsvegar og Lækjaskógar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Flóahverfis - Hringtorg Akranesvegur.

Samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar 31. maí 2026 breyting á deiliskipulagi Flóahverfis vegna hringtorgs við gatnamót Akrafjallsvegar og Akranesvegar sem felst í aðlögun stíga að hönnun hringtorgsins ásamt breytingu á skipulagsmörkum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 5. ágúst 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Sigurður Páll Harðarson.

B deild - Útgáfudagur: 6. ágúst 2026